

1798

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 328/1991. **Sævar Egilsson**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

Verðbréfasjóðnum hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

og til réttargæslu

Sólveigu Franklinsdóttur,

Guðfinnu Arnardóttur,

Guðrúnu Austmar Sigurgeirsdóttur og

Arnari Guðlaugssyni.

Útivist. 45. gr. 1. nr. 75/1973. Skuldabréf. Fölsun. Fjárnámssgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. júlí 1991 samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að fjárnámssgerð, sem fram fór hjá sér á grundvelli hinnar áfrýjuðu áritunar, verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi gerir engar kröfur á hendur réttargæslustefndu.

Stefndi krefst þess, að öllum kröfum áfrýjanda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál gegn áfrýjanda og réttargæslustefndu með stefnu, dagsettri 19. maí 1989, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 410.217,25 krónur, með dráttarvöxtum frá 5. september 1988 til greiðsludags. Í stefnunni segir m.a.: „Skuld þessi er skv. nafnskuldabréfi, út. í Reykjavík þann 2. ágúst 1988 af stefndu Sólveigu, upphaflega að fjárhæð kr. 400.000,00, bundnu lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2217. ...Skuldabréfið er gefið út á nafn stefndu Guðfinnu, sem framselt hefur stefnanda skuldabréfið og jafnframt tekist á hendur

sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Stefndu Guðrún, Arnar og Sævar hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldabéfsins. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafa ekki verið staðin skil á greiðslum frá gjalddaga 5. 9. 1988, og er málsókn því óhjákvæmileg.“

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1989. Af hálfu stefndu var ekki sótt þing, og var málið tekið til áritunar. Hinn 1. september 1989 ritaði Georg Kr. Lárusson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 57.943 í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

Að beiðni stefndu var 14. september 1989 gert fjárnám í eignarhluta áfrýjanda í Barmahlíð 21, Reykjavík. Áfrýjandi var ekki við fjárnámssgerðina þrátt fyrir löglega boðun.

Hinn 14. febrúar 1990 lagði áfrýjandi fram kæru hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna skjalafals, þar sem nafn sitt sem ábyrgðarmanns á framangreindu skuldabréfi væri ekki ritað eigin hendi.

II.

Sýknukrafa áfrýjanda byggist á því, að ritun nafns síns á skuldabréfið sé fölsuð. Hann kveður réttargæslustefndu Sólveigu Franklinsdóttur hafa starfað hjá sér á kaffistofu, sem hann rekur, og hafi hann verið ábyrgðarmaður á skuldabréfi fyrir hana, skömmu áður en skuldabréf það, sem hér um ræðir, var út gefið. Þegar tilkynningar bárust frá stefnda um vanskil skuldabréfsins, taldi áfrýjandi, að þar væri um að ræða áðurnefnt skuldabréf, sem hann hafði ritað nafn sitt á sem ábyrgðarmaður. Hafi hann haft samband við Sólveigu, sem sagði honum, að búið væri að ganga frá greiðslu skuldabréfsins. Kveðst áfrýjandi alltaf hafa staðið í þeirri trú, að um væri að ræða áðurnefnt skuldabréf, sem hann hafði ritað á sem ábyrgðarmaður. Það hafi ekki verið fyrr en seinni hluta árs 1989, þegar íbúð sín var auglýst á nauðungaruppboði, að hann fór til stefnda og fékk að sjá skuldabréfið. Kveðst hann þá strax hafa séð, að nafn sitt var falsað á skuldabréfinu. Í framhaldi af því kærði hann fölsunina til Rannsóknarlögreglu ríkisins, svo

sem að framan greinir. Að lokinni rannsókn málsins sendi hún málið til ríkissaksóknara. Ekki var krafist frekari aðgerða í málinu af hálfu ákærvaldsins, og samkvæmt bréfi ríkissaksóknara 4. október 1990 þóttu, eins og málið lá fyrir, ekki fram komnar nægilegar sannanir um fölsun.

III.

Í skýrslum Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að Óli Valdimar Ívarsson, sem er annar vitundarvottur að nafnritun áfrýjanda sem sjálfskuldarábyrgðarmanns á skuldabréfið, man ekkert eftir umræddu skuldabréfi og man ekki heldur eftir því að hafa ritað á það sem vitundarvottur. Hinn vitundarvotturinn, Franklín Friðleifsson, faðir Sólveigar, skuldara bréfsins, man ekki, hverjir höfðu þegar ritað á skuldabréfið, þegar hann vottaði það. Franklín viðurkennir að hafa ritað nafn Arnars Guðlaugssonar sem ábyrgðarmanns á skuldabréfið. Sólveig Franklinsdóttir kveðst ekki hafa verið viðstödd, þegar nafn áfrýjanda var ritað á bréfið, en kveður Arnar Guðlaugsson, fyrrverandi unnusta sinn, hafa farið með skuldabréfið til áfrýjanda í því skyni að afla undirskriftar hans. Arnar Guðlaugsson kveðst ekkert kannast við skuldabréfið og kveðst aldrei hafa ritað nafn sitt sem ábyrgðarmaður á það.

Guðrún Austmar Sigurgeirsdóttir, móðir Sólveigar Franklinsdóttur, sem einnig var ábyrgðarmaður á framangreindu skuldabréfi, kveður áfrýjanda hafa viðurkennt fyrir sér að hafa ritað nafn sitt eigin hendi á skuldabréfið, en hann hefur staðfastlega neitað því.

Ekki var tekin skýrsla af Guðfinnu Arnardóttur, upphaflegum eiganda skuldabréfsins.

Haraldur Árnason, rannsóknarlögreglumaður hjá tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins, hefur rannsakað nafnritun áfrýjanda á skuldabréfið. Bar hann hana saman við staðfest nafnritunarsýni áfrýjanda, gefin í viðurvist rannsóknarlögreglumanns, svo og nafnritun áfrýjanda á fjögur skjöl frá viðskiptabanka hans. Í ljós kom, að ekki var fullkomið skriftarlegt samræmi á milli undirritunarinnar á skuldabréfinu annars vegar og nafnritunarsýnanna hins vegar, og var um tíu mismunandi atriði að ræða. Niðurstaðan var sú, „að hin fyrrsynjaða undirritun á veðskuldabréfi nr. 045834 sé í veigamiklum skriftarlegum atriðum frábrugðin staðfestum nafnritunar-

sýnum Sævars Egilssonar...og að litlar líkur séu á því, að hann hafi skrifað nafn sitt sem ábyrgðaraðili á skjalið“.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, standa ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands því eigi í vegi, að málsvörn áfrýjanda komist að fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur staðfastlega synjað fyrir að hafa ritað nafn sitt á umrætt skuldabréf. Með framangreindri rithandarrannsókn eru leiddar miklar líkur að því, að ritun nafns hans á bréfið sé fölsuð. Þegar það er virt og jafnframt höfð hliðsjón af því, að enginn þeirra, sem skýrslur gáfu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, gat borið um nafnritun áfrýjanda á bréfið, ber að sýkna hann af kröfum stefnda í málinu. Samkvæmt þessu ber að fella úr gildi fjárnámssgerð, sem fram fór í fúgetarétti Reykjavíkur 14. september 1989 á grundvelli hinnar áfrýjuðu áritunar.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og ber því að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sævar Egilsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Verðbréfasjóðsins hf.

Fjárnámssgerð, sem fram fór hjá áfrýjanda 14. september 1989, er felld úr gildi.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 60.000 krónur.
